

# ALPÝÐUBLAÐIÐ

STJÓRN: R. E. VALDEMARSSON

DAGBLAÐ OG VIKUBLAÐ

ÚTGEFANDI: ALPÝÐUFLOKKURINN



Bláblaðið kemur út alla daga kl. 9-10 síðdegis. Áskiltingar kr. 200 á mánuði — kr. 5,00 fyrir 3 mánuði, ef greitt er fyrirfram. Í lausabúna kostar blaðið 10 sent. VIKUBLAÐIÐ kemur út á hverjum miðvikudegi. Það kostar aðeins kr. 5,00 á dög. Í því birtast allar helstu greinar, er birtast í dagblaðinu, fréttir og vísuþingil. STJÓRN OG AFORÞYSLA ALPÝÐUFLOKKARINNA er við Skrifstofu nr. 6 — 11. Síðahl. 400: skrifstofa og auglýsingar, 401: ritstjóri (hinnlendur höfði), 402: ritstjóri, 403: Vísuþingill 1. Vísuþingillinn, hinniðanur (hinn), 404: Vísuþingillinn, hinniðanur, Pósthólfur nr. 405: P. E. Valdemarsson, ritstjóri, 406: Vísuþingillinn, hinniðanur, 407: Vísuþingillinn, hinniðanur, 408: Vísuþingillinn, hinniðanur.

## Ríkisstjórnin býðst til að leggja fram 100 þús. kr. ef byrjað verði á að fullgera Sundhöllina

I gær sendi Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra borgarstjóranum hér eftirfarandi bréf:

„10. ágúst 1934.

Hér með tilkynnist yður, herra borgarstjóri, að ríkisstjórnin mun leggja til sundhallarbyggingar Reykjavíkurbæjar kr. 100 000,00 — eitt hundruð þúsund krónur — á árinu 1934, samkvæmt þingsályktun frá síðasta alþingi um sundhöll í Reykjavík. Að sjálfsögðu þó því að eins, að skilyrðum nefndrar þingsályktunar fyrir útborgun fjárniss verði fullnægt að dómi stjórnarinnar.

Einstök atriði viðvíkjandi útborgun fjárniss mun ríkisstjórnin næða nánar þegar upplýsingar liggja fyrir um það, að framkvæmdir séu byrjaðar að nýju, og hvenær verkinu mun verða lokið.

(Sign.) Eysteinn Jónsson.

Undanfarin ár hefir Sundhöllin staðið hálfgerð, sem réttur minnisvarði um athafnaleysi íhaldsins og vantrú þess á menningarmál. Með athafnaleysi sínu hefir það svívirrt hugsjónir þeirra fjölda-mörgu manna, sem telja að sundhöllin sé eitt af mestu menningar- og heilbrigðismálum okkar Reyk- víkinga. Og óknyttatrákar hafa hjálpað því í þessari viðleitni þess með því að málbrjóta alt, sem hægt var að brjóta.

Eins og sést á bréfi fjármálaráðherra, vill ríkisstjórnin hafa tryggingu fyrir því, að byrjað verði á því að fullgera Sundhöllina og verkinu lokið, áður en hún leggur fram tillag sitt, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem íhaldið hefir sýnt málinu svo mikinn fjandskap undanfarin ár.

Er nú eftir að sjá svör ráðamanna bæjarins.

## Varalögreglan kostaði alls kr. 459,748,50

Um leið og varalögreglan var lögð niður í fyrradag, lét ríkisstjórnin fara fram athugun á því, hvað varalögreglan hefir kostað ríkið frá því hún var stofnuð.

Samkvæmt upplýsingum, sem Alpýðublaðið hefir fengið frá ríkisbókhaldinu, var kostnaðurinn við varalög- regluna þessi:

1932	Kr. 52,182,00
1933	— 396,416,50
1934 (til 10/s)	— 11,150,00

Þessi upphæð nemur meðalárskaupi 200 verkamanna.

## Atvinnumálaráðherra skipar eftirlitsmenn með verksmiðjunum í Krossanesi og á Raufarhöfn

Haraldur Guðmundsson atvinnumálaráðherra hefir í dag skipað eftirlitsmenn með sildarverksmiðjunum í Krossanesi og á Raufarhöfn. Eiga þeir að hafa eftirlit með því, að verksmiðjurnar taki ekki meira af sild af útlendum skipum en leyfilegt er samkvæmt fiskveiðalöggjöfinni og ákvæðum norsku samninganna.

Halldór Friðjónsson ritstjóri á Akureyri hefir verið skipaður til eftirlits með Krossanessverksmiðjunni, en Karl Hjálmarsson kaupfélagsstjóri á Þórshöfn á Langanesi með verksmiðjunni á Raufarhöfn.

## Kviknar í vélbáti. Vélamaðurinn skaðbrendist.

KÓPASKERI, 10. ágúst. FÚ. Í gærkveldi kviknaði í vélarhúsi vélbátsins Fálkans á Raufarhöfn, og vélamaðurinn, Þorsteinn Gestsson, sem var að koma vélinni af stað, brenndist mjög á andlit og höndum. Í nótt var hann fluttur til Þórshafnar og lagður þar í sjúkrahús. Eldurinn varð slökktur áður en verulegar skemdir urðu á bátinum.

Næg sild er sögð á Pistillfirði. Verksmiðjan á Raufarhöfn hefir tekið á móti 37 000 hektólitrum sildar. Sildarsöltun hófst í gær á Raufarhöfn, og voru þá saltaðar 300 tonn. Heyskápur gengur stíðlega sökum ópurka.

## Dauða Hindenburgs var haldið leyndum heilan dag

Ástæðan var deila innan ríkisstjórnarinnar um það, hver ætti að verða kanzlari.

DAILY HERALD hefir birt grein frá fréttaritara sínum í Berlín, sem vekur geysilega athygli.



HINDENBURG Á LIKBÖRUNUM

Í greininni er því haldið fram að þýzka ríkisstjórnin hafi haldið dauða Hindenburgs leyndum í heilan dag.

Fréttaritari blaðsins segir, að Hindenburg hafi látist síðari hluta miðvikudags, en tilkynningin um dauða hans var ekki gefin út fyrir en á fimtudagsmorgun, og þá sagt að hann hefði látist kl. 7 um morguninn.

Því er enn fremur haldið fram, að ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin hélt dauða Hindenburgs leyndum hafi verið sú, að innan

## Austurríska stjórni klofin um endurreisn keisaraveldisins.

VINARBORG, 11. ágúst. FB. Starhemberg hefir verið spurður um því, hvort meiri líkur væru fyrir því en áður, vegna Dollfussmórðisins, að Habsborgarættin kæmist brátt aftur að völdum í Austurríki.

Svaraði hann fyrirspurninni þannig:

„Alls ekki. Það mál er ekki til úrlausnar eins og stendur, því að Austurríki hefir ekki aðstöðu til þess að bjóða nokkrum að setjast á valdastól í landinu.“

Þegar friðurinn hefir verið trygður innanlands og öryggi almennings og ríkisins er ekki lengur nein hættu búin er tími til kominn að athuga, hvort setja skuli á stöfn keisaraveldi á ný eða ekki. (United Press.)

stjórnarinnar hafi verið háð heipt- úðug barátta milli Göbbels og Görings um það, hvor þeirra ætti að verða kanzlari, er Hitler tæki við forsetaembættinu.

Læknarnir, sem dvöldu á Neudeck, voru fengnir til að senda út hverja tilkynninguna á fætur annari um líðan forsetans eftir að hann var látinn.

## Fjandskapurinn innan nazistjórnarinnar heldur áfram.

Ósamkomulagð heldur áfram innan ríkisstjórnarinnar eftir að Hitler er bæði orðinn forseti og kanzlari.

Stendur bardaginn nú um það, hver eigi að verða varakanzlari eftir að von Papen hefir látið af því starfi og tekið við embætti sínu sem sendiherra Þýskalands í Austurríki.

Standa næstir því að taka við varakanzlaraembættinu von Blomberg hershöfðingi og Hugenberg. Göring stendur næstur þeim, en dr. Göbbels kemur ekki til greina.

Þetta er alment talin ný sönnun þess, hve mjög Hitler hallist nú að junkurum og stórkapitalistum. STAMPEN.

## Starfsemi austurrískra nazista bönnuð — í Þýskalandi

MÜNCHEN, 10. ágúst. FB. Yfirvöldin hafa fyrirskipað, að leysa skuli upp félagsskap austurrískra nazista í Þýskalandi, og eru meðlimir austurrísku ársar- liðsveitanna farnir að hverfa á brott frá bækistöðvum sínum. (United Press.)

## Hernaðarsamband milli Rússa og Frakka í undirbúningi

BERLÍN í morgun. (FÚ.) Hópur flugvéla frá Sovét-Rússlandi er nú í heimsókn í Frakklandi.

Frönsku blöðin birta langar greinar um heimsóknina. „Le Journal“ rómur mjög gerð flugvéla og telur þær útbúar samkvæmt öllum kröfum nútímans.

Bendir blaðið í þessu sambandi á það, að vináttusamningur milli Rússa og Frakka myndi auka mjög öryggið í álfunni, þar sem hin órólegu lönd í Mið-Evrópu yrðu þá innlukt af sterkum her- afla.

## Síldaraflinn nyrðra

Yfir lit yfir afla nokkurra skipa

### EINKASKEYTI

TIL ALPÝÐUBLAÐSINS SIGLUFIRDI í morgun.

Síldveiði hefir verið heldur tregari síðustu tvo daga.

Tíð hefir verið votviðrasöm og hamlað góðum gæftum, enda er nú lengra að sækja.

I gær hafði aflast alls:

Síglufirði	93 739 tonn.
Eyjafirði	21 677 —
Sauðárkróki	7 110 —
Ingólfssfirði	3 820 —

Á Síglufirði og Eyjafirði hafði aflast á sama tíma í fyrri 164 668 tonn.

Ríkisverksmiðjan hefir nú tekið á móti 142 985 málum, en á sama tíma í fyrri hafði hún tekið á móti 134 879 málum.

Afli á skip er eins og hér segir:

Örn	2000 tn.	6500 mál
Bjarnarey	2000 —	2600 —
Vébjörn	702 —	4228 —
Ásbjörn	1133 —	3360 —
Valbjörn	923 —	3618 —
Andbjörn	1299 —	2155 —
Sæbjörn	1318 —	3834 —
Ísbjörn	1167 —	3650 —
Gunnbjörn	313 —	4113 —
Fjölur	1900 —	3700 —
Fróði	1700 —	4200 —

Venus	1050 —	3300 —
Pétursey	2800 —	2000 —
Freyja	2000 —	3600 —

J. S.

## Mikil bræðslusíld berst til Siglufjarðar

SIGLUFIRDI, 10. ágúst. FÚ. Síldarsamlagið hér á Siglufirði hefir ráðið Sophus Blöndal kon- sul fyrir skrifstofustjóra.

Allmikil bræðslusíld berst nú hingað til Siglufjarðar og verk- smiðjuþrænar fyllast óðum. Síld vestan að er mjög stór og jöfn, en austan að blönduð smásíld.

Alls hafði verið saltað í landinu í gær rúmlega 104 þúsund tonn, en tæplega 135 þúsund tonn um sama leyti í fyrri.

Gufuskipið Kolombus frá Reykjavík, sem Þorsteinn Þorsteinnsson í Reykjavík og fleiri eru eigendur að, kom hingað til Siglu- fjarðar fyrstu ferð í gærkveldi með tunnufarm. Skipið er 1200 smálestir. Skipstjóri Arní Gunn- laugsson úr Reykjavík.

Talstöðin hér á Siglufirði er tekin til starfa og afgnefðir við- töl við skip frá Kl. 7,50 til kl. 23.